

Úrskurður
áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 15/2001

Eðalvörur ehf.

gegn

Samkeppnisstofnun

I.

Með bréfi, dags. 11. september 2001, sem barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála þann 17. september s.á. hefur áfrýjandi kært ákvörðun Samkeppnisstofnunar sem fram kemur í bréfi stofnunarinnar dags. 11. september 2001.

Í ákvörðun samkeppnisstofnunar kemur fram að umkvörtunarefni áfrýjanda vegna auglýsingabæklings og umbúða Ortis ginsengs hefði þegar hlotið úrlausn hjá Hollustuvernd ríkisins og því muni Samkeppnisstofnun ekki aðhafast frekar í málinu.

Áfrýjandi krefst þess að áfrýjunarnefnd samkeppnismála beini þeim tilmælum til Samkeppnisstofnunar að hún taki málið fyrir án frekari tafa.

Samkeppnisstofnun krefst þess aðallega að máli þessu verði vísað frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Til vara er þess krafist að ákvörðunin sem fram kemur í bréfi stofnunarinnar dags. 11. september 2001 verði staðfest.

II.

Málavextir eru þeir að með bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 17. apríl sl., kvartaði áfrýjandi undan fullyrðingum Heilsuverslunar Íslands hf. á umbúðum og í auglýsingabæklingi fyrir Ortis ginseng. Óskaði áfrýjandi eftir því að Samkeppnisstofnun kannaði þá fullyrðingu Heilsuverslunar Íslands hf. að varan sé “ræktuð samkvæmt aldagamalli hefð á ómenguðum landsvæðum”.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 14. júní sl., var áfrýjanda tilkynnt að ákveðnir þættir málsins væru til meðferðar hjá Hollustuvernd ríkisins. Jafnframt var áfrýjanda tilkynnt að ekki þætti rétt að taka til athugunar hvort um væri að ræða brot á 21. gr. samkeppnislaga fyrr en niðurstaða Hollustuverndar ríkisins lægi fyrir.

Með bréfi Hollustuverndar ríkisins, dags. 22. ágúst 2001, var áfrýjanda tilkynnt niðurstaða um of mikið magn tiltekinna aðskotaefna í Ortis ginsengi. Hollustuvernd ríkisins taldi með hliðsjón af niðurstöðum rannsóknanna ekki forsendur til frekari aðgerða. Þó beindi hún því til innflytjanda Ortis ginsengs að hann auglýsti ekki að jurtin væri ræktuð í ómengudum jarðvegi nema að hann gæti sýnt fram á að svo væri og að hann varaði sterklega við því að neyta meira en ráðlagðs dagskammts af vörunni.

Samkeppnisstofnun barst afrit af bréfi Hollustuverndar ríkisins til áfrýjanda, dags. 22. ágúst 2001. Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 11. september 2001, var tekin ákvörðun í máli þessu. Í niðurlagi bréfsins segir:

“Samkeppnisstofnun telur, með vísan til afgreiðslu Hollustuverndar og tilmæla þeirra til Heilsuverslunar Íslands, að umkvörtunarefni yðar hafi þegar hlotið úrlausn þar til bærs stjórnvalds. Samkeppnisstofnun mun því ekki aðhafast frekar í máli þessu.”

III.

Áfrýjandi telur liggja ljóst fyrir að Heilsuverslun Íslands hf. hafi brotið gegn 21. gr. samkeppnislaga. Hann bendir á að tilmæli Hollustuverndar ríkisins til Heilsuverslunar Íslands hf. séu til komnar af heilsufarsástæðum en ekki til að leysa Samkeppnisstofnun undan því hlutverki sínu að framfylgja samkeppnislögum.

Samkeppnisstofnun telur að í afskiptum stofnunarinnar af auglýsingu Heilsuverslunar Íslands hf. geti ekki falist efnilega meira en það sem fram kemur í tilmælum Hollustuverndar ríkisins. Bent er á að ekkert gefi til kynna að Heilsuverslun Íslands hf. ætli ekki að fara að tilmælum Hollustuverndar ríkisins. Í ljósi þessa telur Samkeppnisstofnun áfrýjanda ekki hafa lögvarða hagsmuni af frekari umfjöllun samkeppnisyfirvalda.

Til stuðnings varakröfu sinni er bent á að meginreglan samkeppnislaga sé að Samkeppnisstofnun meti hvort kvartanir um meint brot leiði til rannsóknar og frekari málsmeðferðar. Það sé því ekki skylda stofnunarinnar að bregðast við hverri kvörtun með rannsókn.

Bent er á að þrátt fyrir að tilmæli Hollustuverndar ríkisins séu ekki byggð á ákvæðum samkeppnislaga leiði þau engu að síður til þess að auglýsingar Heilsuverslunar Íslands hf. verði í samræmi við samkeppnislög.

IV.

Eins og fram er komið vísaði Samkeppnisstofnun í ákvörðun sinni frá 11. september sl. til afgreiðslu Hollustuverndar ríkisins varðandi úrlausn máls þessa. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur að Samkeppnisstofnun hafi borið að kanna sjálfstætt, á grundvelli þeirra gagna sem hún aflaði, hvort þær auglýsingar sem málið varða hafi brotið gegn ákvæðum VI. kafla samkeppnislaga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum. Bar jafnframt að ákveða til hvaða aðgerða bæri að grípa ef um brot teldist vera að ræða. Áfrýjandi á rétt á því að mál hans sé skoðað út frá þessum sjónarmiðum og breytir engu í því efni þótt önnur stjórnvöld hafi komi að málinu út frá öðrum forsendum. Frávísunarkrafa Samkeppnisstofnunar verður því ekki tekin til greina.

Í samræmi við ofanritað verður ekki hjá því komist að fella hina áfrýjuðu ákvörðun úr gildi og leggja fyrir Samkeppnisstofnun að taka ákvörðun að nýju í samræmi við framanritað.

Í kæru sinni til áfrýjunarnefndarinnar óskaði áfrýjandi eftir því að hún beindi því til Samkeppnisstofnunar “að hún dragi ekki lappirnar í þessu máli frekar en orðið er.” Áfrýjunarnefndin lítur svo á að ósk af þessu tagi falli utan valdsviðs nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 9. gr. samkeppnislaga. Henni er því vísað frá áfrýjunarnefndinni.

V.

Úrskurðarorð

Ákvörðun Samkeppnisstofnunar frá 11. september 2001 er úr gildi felld og lagt fyrir stofnunina að taka nýja ákvörðun í málinu.

Fyrrgreindri ósk áfrýjanda er vísað frá áfrýjunarnefndinni.

Reykjavík, 30. október 2001

Stefán Már Stefánsson

Helgi I. Jónsson

Kirstín Flygenring